



05/12 2018

Stjórn og trúnaðarráð FÍR

Stórhöfða 31 2.hæð

Mætt voru: Andri Reyur Haraldsson, Guðmundur Gunnarsson, Margrét Arnarsdóttir, Einar Hafsteinsson, Kristján Helgason, Borgþór Hjörvarsson, Arnar Þór Björgvinsson, Sigmundur Grétarsson, Þór Ottesen, Jakob Þ Leifsson, Svavar Jón Bjarnason, Guðjón Viðar Guðjónsson, Hilmar Guðmannson, Margrét Arnarsdóttir, Helgi M. Ingason, Adam Kári og Guðmundur Ævar Guðmundsson.

Í fjarfundi: Viðar M. Þorsteinsson.

Gestur: Björn Ágúst

Fundur settur 17:59

- 1) Smiður sem klippti lás frá rafvirkja, þarf að fara með málið áfram annars getum við sleppt þessu lása dæmi. Spurning um að svona mál fari strax fyrir Öryggisnefndina eða fyrst til lögfræðings RSÍ. Miklar umræður um þetta, hvert eigum við að stefna með þetta. RSÍ er ekki tengdur aðili og við getum því ekki farið í mál.
- 2) Rafiðnaðarskólinn og tenging við fagfélögin. Fundur framkvæmdarstjóra skólans við formenn fagfélaga. Stjórn og trúnaðarráð samþykkir einróma að tengsl fagfélags og skólans sé mjög mikilvæg fyrir félagið og skólann.
- 3) Fundur með kennurum v/Íslandsmóts 2019, Andri verður verkstjóri Íslandsmóts, Guðmundur Ævar, Magni Rafn, Magga og Guðmundur Gunnarsson verða dómara.
- 4) Kaup á húsnæði Stórhöfða 27, stjórn og trúnaðarráð samþykkir að FÍR fjárfesti 40 milljónum í þessi kaup.
- 5) Fyrsti samningafundur iðnaðarmannafélaganna við SA, gekk ágætlega, kröfugerð lögð fram en lítið um eiginlegar samningaviðræður.
- 6) Miklar umræður um kjarasamninga, stytting vinnuviku ofl. Andri bendir á að við þurfum að leggja aukna áherslu á ákvæðisvinnu þar sem rafvirkjar í byggingargeira séu þeir lang launalægstu innan RSÍ. Björn Ágúst bendir á að það þurfi að passa upp á skilgreiningu á virkum vinnustundum þegar rætt er um styttingu vinnuvikunar. Margrét vekur athygli á því að sveinn fái aðeins 160 krónum meira á tímann heldur en nemi.
- 7) Miðstjórnarfundur á föstudag, varamaður inn fyrir Ævar, FÍR hittingur fyrir hangikjötsfund.
- 8) Akstur og greiðslur fyrir vinnutap, ekki greitt nema fyrir vinnutap. Stjórn er skylt að mæta á fundina, en trúnaðarráð er frjálst að mæta.
- 9) Mæting hjá sumum innan trúnaðarráðs verið léleg, þarf að fá fólk inn sem getur mætt og vill sýna áhuga. Búið að fylla í allar stöður.
- 10) Jólball RSÍ, takmarkaður fjöldi (500 manns).



Önnur mál : Ljósakassar sem Adam er að vinna í fara að verða tilbúnir, vantar einhverja til þess að setja þá svo saman.

- Ævar imprar á því að það vanti einhvern starfsmann fyrir RSÍ-Ung, þar sem Dagný er hætt.
- Margrét stingur upp á RSÍ-Ung viðburð um meðferð öryggilása. Fá heildsölnurnar líka á staðinn til þess kynna búnað og læsingar á hann.
- Grafalvarlegar athugasemdir við vinnu á Stórhöfða 31 hjá Rafmiðlun, nemi sem verkstýrir verkefninu og ómenntaðir að vinna þar. Hitaumræður, ÞETTA ÞARF AÐ LAGA í framtíðinni. Stjórn og trúnaðarráð FÍR leggur áherslu á að í verksamningum RSÍ og FÍR í framtíðinni verði kvöð á því að faglærðir vinni verkin og verkstjórar/verkefnisstjórar séu sveinar eða meira menntaðir.
- Afhending lása í Tækniskólanum, Boggi og Ævar fóru, flott verkefni hjá Tækniskólanum.

Fundin ritaði Andri Reyр Haraldsson

Fundi slitið 20:07